

## Íslenska

Vorönn 2025  
3 tímar í töflu  
og tvær lotur (4 vikur, sjá  
nánari upplýsingar neðar)

10.bekkur WS

---

## Kennsla

### Janúar

Skapandi skrif, ritunaræfingar,  
Málfræði - óbeygjanleg orð.  
Lota í íslensku 6.–10. janúar

### Febrúar

Bókmenntir og upplestur á  
texta, málfræði - orðflokkarnir.  
Lota í íslensku 3.-7.febrúar

### Mars

Bókmenntir/ljóð. Yndislestur.  
Stafsetning og réttitun.  
Framsögn og hlustun.

### Apríl

Orðaforði/iðorð og  
nýyrðasmíð. Upprifjun í  
málfræði og hugtökum.  
Lota í íslensku 22.-30.apríl

### Mái

Tímar í töflu eru nýttir í  
upprifjun fyrir lokakönnun í  
íslensku og frágang fyrir  
lokaverkefni og kynningar  
útskriftarnema.

## Hæfniviðmið

Sjá hæfniviðmið fyrir 10. bekk á vefsíðu skólans:

<https://waldorf.is/wp-content/uploads/2020/10/haefnividmid-i%CC%81-i%CC%81slensku-1-10.b.pdf>

Hæfniviðmið fyrir 10.bekk eru lokaviðmið  
Aðalnámsskrár í íslensku. Lykilhæfni í námsgreininni  
er hluti af námsmati: Tjáning og miðlun, skapandi og  
gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýting  
miðla og upplýsinga, ábyrgð og mat á eigin námi.

---

## Námsmat

Vinummat kennara og leiðsagnarmat  
Sjálfsmat  
Skil á vinnubókum og verkefnum.  
Þátttaka og áhugi/samvinna/frumkvæði/sköpun.  
Framfarir í námsgrein metnar í lok apríl.

---

## Námsefni

Gullvör, kennslubók í málfræði fyrir unglíngastig,  
Málvísir, handbók í málfræði, Menntamálastofnun.  
Málið í mark, fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð  
vinnuhefti / málfræðivefur

Orðbragð

Skólavefurinn

Orðasöfn á netinu

Skólaljóð

Neistar, Logar og Kveikjur, kennslubækur í Íslensku

Annað efni frá kennara

	<p>Lotur í íslensku: Ritun/kynning 6.-10.janúar / 3.-7.febrúar / 22.-30.apríl 2025</p> <p>Markmið lotu: Að nemendur skrifi bókaskýrslu um kjörbók sem lesin var í desember (Dóttir hafsins). Að nemendur vinni með uppbyggingu ritgerðar/kynningar og noti heimildir. Að nemendur hafi hugað að útliti og hönnun ritgerðar/kynningar. Að þau hafi lokið við og skilað verkefni innan tímamarka og kynni verkefnið sitt fyrir hópnum. Einnig hafi þau æft sig í styttri skapandi textasmíðum sjálf eða með hóp.</p> <p>Uppbygging kennslustundar: 8:45-9:00 Morguntexti, samlestur, samtal og orðaforði 9:00-9:10 skapandi skrif - æfingar. 9:10-9:20 upprifjun og fyrirspurnir varðandi verkefni. 9:20-10:40 unnið að verkefnum og frágangur. Þessar vikur verður einnig hægt að vinna að verkefnum í íslenskutímum í stundatöflu.</p> <p>Lokaverkefni /Íslenska 10.bekkur 5.maí-25.maí 2024 Nemendur vinna að lokaverkefni sínu og nýta til þess það sem þau hafa lært, hvort sem það eru ritgerðaskrif, skapandi skrif, framsögn og/eða önnur framsetning verkefnisins. Nemendur nýta aðalkennslulotu auk íslenskutíma og handverkstíma í verkefnavinnu. Lokaverkefni eru kynnt fyrir foreldrum í lok maí.</p>

